

með 40% ársvöxtum frá 01.07.81 til 01.09.81, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 8.500.-.

Stefnandi krefst ómerkjar á ummælum í skýrslu Jens Albertssonar skipstjóra. Ummælin hljóð þannig:

„Á það skal bent að Sveinn hefur verið rekinn frá flestum þeim vinnustöðum, sem hann hefur verið á sökum óhóflegrar áfengisneyslu.“

Ekki þykja efni til þess að ómerkja ummælin.

Dóminn kvað upp Bogi Nilsson sýslumaður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f., Stöðvarfirði, nnr. 4295-7682, greiði stefnanda, Sveini Ben Aðalsteinssyni, Æsufelli 6, Reykjavík, nnr. 8730-6488, kr. 8.159.41 með 40% ársvöxtum frá 01.07.81 til 01.09.81, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 8.500.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 135/1982. **Próttur h/f**

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Ólafi V. Sverrissyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Skiprúmssamningur. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús P. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 27. maí 1982. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur aðilja varðar einungis rétt áfrýjanda til að víkja stefnda úr skiprúmi, en fjárhæð dómkröfu stefnda, þar með talin vaxtakrafa, sætir engum ágreiningi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 10.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þróttur h/f, greiði stefnda, Ólafi V. Sverrissyni, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Grindavíkur 15. desember 1981.

1.0.

1.1 Mál þetta, sem rekið er fyrir sjó- og verslunardómi Grindavíkur, var höfðað með stefnu, birtri 17. 2. 1981.

Málið var dómtekið 30. 11. sl.

Stefnandi er Ólafur V. Sverrisson sjómaður, Sunnubraut 4, Grindavík.

Stefndi er Þróttur h.f., Mánagötu 5, Grindavík.

1.2. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 29.151.84 ásamt 46% ársvöxtum frá 1. 6. 1980 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

1.3. Dómkrafa stefnda er um sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

2.0.

2.1. Málavextir.

Samkvæmt stefnu eru málavextir þeir, að stefnandi réðst sem 3. vélstjóri

á m.b. Albert, GK-31, sem gerður var út af stefnda. Stefnandi hóf störf um borð í skipinu 3. 1. 1980 og starfaði þar til 31. 1. 1980, er honum var fyrirvaralaust og án sakar vikið úr starfi, er skipið var statt á Vopnafirði. Var stefnandi þá mikið sjúkur og þurfti að leita sér lækninga á Vopnafirði. Að ráði læknisins á Vopnafirði var stefnandi þá strax sendur til Akureyrar til frekari rannsóknar og meðferðar.

2.2. Í málinu hefur verið lagt fram, dskj. nr. 3, vottorð Þengils Odds-sonar læknis á Heilsugæslustöðinni Vopnafirði, dagsett 31. 1. 1980. Efni þess er, að stefnandi hafi verið óvinnufær með öllu vegna sjúkdóms frá 31. 1. 1980 „óákveðið í ca. þrjár vikur.“ Skoðun fór fram 31. 1. 1980.

Þá hefur verið lagt fram, dskj. nr. 4, vottorð Magnúsar Ásmundssonar, læknis Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dagsett 18. 2. 1980, svohljóðandi: „Það vottast hér með að Ólafur Sverrisson, Sunnubraut 4, Grindavík hefur verið óvinnufær frá og með 31. 1. 1980 til og með 7. 2. vegna sjúkdóms.“

2.3. Stefnandi hefur komið fyrir dóminn. Þar skýrði hann svo frá, að í janúar 1980, hafi m.b. Albert komið með afla til löndunar í Bolungarvík. Átti löndun að hefjast að morgni milli kl. 05 og 07. Hann hafi hins vegar ekki tekið þátt í lönduninni, þar sem hann hafi farið ásamt matsveini m. b. Alberts yfir í erlent skip, er þar var statt og neytt þar áfengis. Áður hafi hann verið búinn að gera þær ráðstafanir, að sonur hans sæi um löndunina í sinn stað, en yfirleitt séu tveir hásetar í frii við löndun. Stefnandi kvaðst hafa haft áfengisflösku meðferðis, er hann kom úr hinu erlenda skipi, og hafi hann látið Ólaf Sigurpálsson stýrimann fá flöskuna og beðið hann að geyma. Hann kvaðst hafa verið sofandi, er löndun lauk og skipið hélt á veiðar. Er hann vaknaði, kvaðst hann hafa beðið Ólaf um vín og hafi hann fengið eitthvert áfengismagn. Hann kvaðst hafa átt við áfengisvanda-mál að stríða og þá einkum á árunum 1976 og 1977. Hins vegar hafi þetta verið fyrsta vındrykkja hans frá því á árinu 1978. Hann kvaðst hafa orðið sjúkur eftir áfengisneysluna og hafi hann óskað eftir því við stýrimann, að honum yrði komið undir læknishendur. Hafi hann ekki getað sinnt neinum störfum um borð vegna sjúkleika. M.b. Albert hafi komið til Vopna-fjarðar 31. janúar um nótt og hann leitað lækni-aðstoðar þegar að morgni. Hafi læknirinn sagst ætla að senda hann rakleiðis á sjúkrahús á Akureyri. Við komu aftur um borð hafi hann hitt Þórarin Ólafsson skipstjóra og sagt honum, hvernig komið væri. Hafi Þórarinn sagt, að hann gæti hirt þetta drasl sitt. Hafi hann litið á þetta sem beinan brottrekstur úr skips-rúmi. Hann kvaðst hafa verið með umræddum skipstjóra til sjós áður, eða nánar tiltekið frá 1958 til áramóta 1963. Auk þess hafi hann þekkt Þórarin frá barnæsku. Hann kvaðst hafa verið ráðinn á m.b. Albert af Þóarni og hafi það verið án nokkurra skilyrða, svo sem algjörar reglusemi. Stefn-

andi kvaðst hafa gert sér grein fyrir því, áður en hann fór að neyta áfengis í umrætt sinn, að það gæti kostað hann veikindi. Hann upplýsti, að hann hafi byrjað að vinna aftur þann 7. mars s.á. og haft í tekjur kr. 32.405.- á tímabilinu til 30. 4. 1980.

Þórarinn Ingibergur Ólafsson skipstjóri, Mánagötu 5, Grindavík, kom fyrir dóminn. Þórarinn er stjórnarformaður í hinu stefnda hlutafélagi. Hann hvað það rétt, að stefnandi hafi fengið son sinn til að annast fyrir sig löndun og hafi hann ekkert skipt sér af því. Að löndun lokinni hafi þegar verið haldið á miðin. Hann sagði, að stefnandi hafi verið við áfengisneyslu á útleiðinni og hafi stýrimaður, Ólafur Sigurpálsson, tekið af honum áfengisflösku sex til átta tímum eftir að þeir létu úr höfn. Er á miðin kom, hafi verið byrjað að kasta og hafi hann þá viljað láta ræsa stefnanda. Hafi það verið reynt í tvígang, en án árangurs. Hafi hann þá ákveðið að segja stefnanda upp skipsrúmi, er þeir kæmu í höfn. Þegar stefnandi kom frá læknisskoðun, kveðst hann hafa sagt honum að taka dótið sitt, enda myndi hann ekki koma um borð aftur. Hann upplýsti, að stefnandi hafi verið skipverji á m.b. Alberti haustið 1979 í afleysingum. Þessi áðurnefnda áfengisneysla stefnanda hafi verið sú fyrsta á þessu tímabili, enda hafi stefnanda verið það ljóst, að reglusemi hafi verið skilyrði fyrir veru hans á skipinu. Það sé ófrávikjanleg regla hjá honum og hafi alla tíð verið, að það varði brottrekstri, að menn séu óvinnufærir vegna vinnneyslu. Þetta hafi stefnda átt að vera ljóst vegna langra kynna þeirra. Hins vegar hafi hann ekki tekið sérstaklega fram við ráðningu stefnanda, að hann sýndi reglusemi.

Ólafur Sigurpálsson stýrimaður, Baðsvöllum 8, Grindavík, kom fyrir dóminn. Hann skýrði svo frá að stefnandi hafi ekki tekið þátt í löndun vegna ölvunar. Hann hafi verið að flækjast um skipið, er löndun stóð yfir, og ekkert sinnt tilmælum vitnisins um að fara að sofa. Að löndun lokinni var haldið á miðin, og var vitnið á fyrstu vaktinni. Á vaktinni kvaðst vitnið hafa gert tilraun til þess að fá stefnanda til að fara í koju, en hann hafi tjáð því, að hann gæti ekki sofnað, það hafi hann reynt. Kvaðst vitnið ekki vita gjörla um áfengisneyslu stefnanda á útleið, en heldur, að hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að vakt vitnisins lauk. Vitnið kveðst hafa talað við stefnanda, er á miðin kom og hafi hann þá verið sýnilega veikur. Tjáði vitnið skipstjóra það, að stefnandi vildi fara í land vegna þessa. Stefnandi hafi þó ekki þegið að fara til lands með m.b. Erni, er var staddur á miðunum og á leið til lands. Stuttu síðar hafi þeir svo fengið afla og haldið til hafnar.

3.0

3.1. Kröfugerð sína byggir stefnandi á því, að honum hafi verið fyrirvaralaust og án sakar vikið úr starfi. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr.

67/1963 skuli uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum vélstjóra, sé ekki öðruvísi samið. Í því tilviki, er hér um ræðir, hafi ekki verið samið um annan uppsagnarfrest og því gildi sá frestur. Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Hlutur 31. 1. til 14. 3. 1980	kr.	21.369.07
Hlutur 14. 3. til 30. 4. 1980	kr.	7.415.77
	Kr.	28.784.84

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. I. nr. 67/1963 eigi útgerðarmaður að greiða kostnað vegna umönnunar sjúkra skipverja. Beri því stefnda að greiða kostnað, er stefnandi hafi af veikindum sínum. Kostnaðarliðir þessir eru:

Akstur	kr.	23.50
Sími	kr.	18.00
Flugfar	kr.	325.50
	Kr.	367.00

Samtals gerir þetta stefnufjárhæðina, kr. 29.151.84.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi orðið sjúkur vegna drykkju og verið látinn víkja úr skiprúmi eingöngu af þeim sökum. Heilsufari stefnanda hafi verið þannig háttað, að hann hafi ekki mátt bragða áfengi án þess að verða af því fárveikur. Stefnandi hafi ekki getað tekið þátt í veiðum vegna drykkju sinnar og afleiðinga hennar og ekki sinnt neinum störfum um borð, eftir að skipið kom á miðin að lokinni löndun í Bolungarvík. Samkvæmt 33. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 sé skipstjóra heimilt að víkja skipverja úr skiprúmi án uppsagnarfrests, sem hagar sér með þeim hætti er stefnandi gerði í máli þessu. Stefnandi eigi því enga lögmæta kröfu á hendur stefnda. Þá er læknisvottorðum mótmælt sem ófullnægjandi, þar sem hvergi sé getið um eðli veikindanna.

4.0

Niðurstaða

4.1. Stefnandi hefur átt við áfengisvandamál að stríða og verið til meðferðar vegna þessa. Hann hefur haldið því fram, að hann hafi ekki neytt áfengis frá árinu 1978, þar til að það gerðist í Bolungarvík í lok janúar 1980. Umrædd ölvun virðist þá ekki hafa komið niður á starfi stefnanda, eins og á stóð, heldur afleiðing drykkjunnar. Dómurinn telur, að 33. gr. 1. nr. 67/1963 eigi hér ekki við, en stefnandi byggir rétt til fyrirvaralausrar uppsagnar á þeirri grein. Telst því uppsögnin ólögleg. Á stefnandi rétt á kaupum þann tíma, er uppsagnarfresti hans nemur, eða 3 mánuði, sbr. 2. mgr. 13. gr. 1. nr. 67/1963.

Stefnandi sagði fyrir dómi, að hann hafi gert sér grein fyrir því, að neysla-áfangis gæti kostað hann veikindi. Með vísan til 4. mgr. 18. gr. 1. 67/1963 þykir rétt, að stefnandi eigi ekki rétt til kaups þann tíma, er hann var óstarf-hæfur vegna veikinda sinna. Hið sama gildir um greiðslu kostnaðar vegna veikindanna, sbr. 3. mgr. 28. gr. sömu laga. Samkvæmt læknisvottorði á dskj. nr. 4 var stefnandi óvinnufær til 7. febrúar 1980. Koma þá til frá-dráttar kröfu hans kr. 3.289.65 sem kaupfrádráttur og kr. 367.00 vegna útlagðs kostnaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 24.455.19 með 46% ársvöxtum frá 1.6. 1980 til 1.3. 1971, en með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., sen með 39% ársvöxtum frá þ.d. til 15.12. s.á., en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem hæfilegur þykir kr. 5.775.00.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari ásamt meðdóms-mönnunum Ingólfi Falssyni og Jóhannesi Jóhannessyni, fyrrum skipstjór-um.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þróttur h.f., greiði stefnanda, Ólafi V. Sverrissyni, kr. 25.445.19 með 46% ársvöxtum frá 1.6. 1980 til 1.3. 1981, en með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., en með 39% ársvöxtum frá þ.d. til 15.12. s.d. (sic), en með dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þ.d. til greiðsludags, kr. 5.575.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.